

370. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 13. apríl 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

**Mætt:**

Björn H Hilmarsson  
Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru JBJ  
Michael Gluszuk  
Margrét Sif Sævarsdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Óskaði forseti eftir því að taka inn með afbrigðum sem 1. lið fundargerð bæjarráðs, dags. 13. apríl 2023. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

- 1) **Fundargerð 338. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 13. apríl 2023.**  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2022. Fyrri umræða. Endurskoðendur mæta á fundinn.**  
Frá Deloitte mættu Jónas Gestur Jónasson og Marínó Mortensen og voru þeir boðnir velkomnir. Ársreikningurinn er settur fram samkvæmt reikningsskilum sveitarfélaga. Starfsemi er skipt upp í tvo hluta, A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjárhagslega sjálfstæðar einingar, sem eru: Félagsheimilið Klifi, Félagsheimilið Röst, Veitustofnanir Snæfellsbæjar, Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Húsnæðisnefnd Snæfellsbæjar, Leiguíbúðir með hlutareign og Dvalarheimilið Jaðar.  
Fóru þeir Jónas Gestur og Marínó yfir helstu tölur í ársreikningi 2022.  
Svöruðu endurskoðendur spurningum bæjarfulltrúa og varð nokkur umræða um reikninginn að yfirferð lokinni.  
Var nú endurskoðendum þökkud koman og véku þeir af fundi.  
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa ársreikningi Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2022, til síðari umræðu í bæjarstjórn fimmtudaginn 4. maí 2023.
- 3) **Björgunarsveitin Lífsbjörg mætir á fundinn. Umræða um styrki annars vegar og mögulegan samstarfssamning Lífsbjargar og Snæfellsbæjar hins vegar.**  
Frá Lífsbjörgu mættu Hafrún Ævarsdóttir, Vilborg Lilja Stefánsdóttir og Viðar Hafsteinsson.  
Rætt var um styrk vegna þakskipta á Björgunarhúsinu Von í Rífi. Jafnframt var rætt um mögulegan samstarfssamning milli Lífsbjargar og Snæfellsbæjar.  
Véku þau nú af fundi og var þökkud koman.
- 4) **Fundargerð 98. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 15. mars 2023.**  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) **Fundargerð öldungaráðs, dags. 28. mars 2023.**  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 6) **Fundargerðir 5. og 6. fundar velferðarnefndar, dags. 17. janúar og 27. mars 2023.**  
Til upplýsingar, þá eru nýjar reglur um akstursþjónustu í smíðum og gert er ráð fyrir að þær verði tilbúnar í haust. Jafnframt, varðandi reglur um úthlutun leiguíbúða, þá voru þær sendar nefndinni til umsagnar og sendi nefndin sínar athugasemdir til baka. Þær verða teknar til umfjöllunar á næsta fundi bæjarstjórnar.

*Handwritten signatures and initials:*  
BHH  
MB  
MSS  
FS  
CB  
AU  
[Other illegible initials]


Bæjarstjórn hvetur líka nefndina til að fá íprótta- og æskulýðsfulltrúa Snæfellsbæjar á fund til sín til að fá fræðslu um Heilsuefandi samfélag.  
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

- 7) **Fundargerð 12. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 4. apríl 2023.**  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 8) **Fundargerð 13. fundar stjórnar FSS, dags. 27. mars 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 9) **Fundargerðir Svæðisskipulagsnefndar sveitarfélaga á Snæfellsnesi, dags. 6. og 27. mars 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 10) **Fundargerð 212. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 14. febrúar 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 22. mars 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 12) **Fundargerð 920. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. mars 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 13) **Fundargerð 921. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. mars 2023**  
Lagt fram til kynningar.
- 14) **Tillaga frá öldungaráði, dags. 28. mars 2023, varðandi skóðanakönnun um búsetu eldri borgara.**  
Bæjarstjórn þakkar tillöguna og óskar eftir því að öldungaráð taki saman lista yfir spurningar sem æskilegt er að setja í skóðanakönnunina og mun bæjarstjórn í framhaldinu láta framkvæma hana.
- 15) **Áskorun frá öldungaráði, dags. 28. mars 2023, varðandi heilsuefingu eldri borgara.**  
Bæjarstjórn tekur undir það að mikil og nauðsynleg vakning virðist vera um bætta heilsu í þjóðfélaginu. Bæjarstjórn mun koma því á framfæri við stýrihóp Snæfellsbæjar um Heilsuefandi samfélag að málefnum og heilsuefingu eldri borgara verði vel sinnt. Bæjarstjórn telur jafnframt rétt að öldungaráð boði íprótta- og æskulýðsfulltrúa Snæfellsbæjar á fund sinn til að fá fræðslu um Heilsuefandi samfélag.
- 16) **Bréf frá menningarnefnd, ódags., varðandi framtíðarsýn og hlutverk bókasafns Snæfellsbæjar.**  
Bæjarstjórn samþykkti að tilnefna Auði Kjartansdóttur og Margræti Sif Sævarsdóttur í nefnd með fulltrúa menningarnefndar til að móta hugmyndir að breytingum á bókasafninu og framtíðarsýn fyrir það. Þessar hugmyndir verða svo lagðar fyrir bæjarstjórnar til umræðu og ákvörðunar.
- 17) **Bréf frá íbúum í Engihlíð 18, dags. 15. mars 2023, varðandi viðhaldsmál.**  
Bæjarstjórn þakkar bréfið og samþykkti samhljóða að fela umsjónarmanni fasteigna að sinna áfram því viðhaldi sem eftir er. Það má þó taka það fram að þríf á ruslatunnum og ruslatunnugeymslum er yfirhöfuð ekki verkefni leigusala heldur leigutaka og ættu þrífinn að vera inni í vikulegum þrífum á sameign.
- 18) **Þakkarbréf frá Golfklúbbum Jökli, dags. 11. apríl 2023.**  
Bæjarstjórn vill ítreka það að húsið var gefið Golfklúbbum Jökli og verður í eign klúbbsins.  
Lagt fram til kynningar.
- 19) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
  - a) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit fyrstu tveggja mánaða ársins.
  - b) Bæjarstjóri sagði frá viðhaldi á gólfduki í eldhúsi grunnskólans í Ólafsvík.
  - c) Bæjarstjóri sagði frá fundi sem hann átti í dag með Terru vegna sorpmála.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like "Puff", "Me", "Mars", "FS", and "S".

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:26


  
Björn H Hilmarsson

  
Jónína Björg Óttarsdóttir


  
Michael Gluszek


  
Auður Kjartansdóttir

  
Margrét Sif Sævarsdóttir

  
Eiríkur Böðvar Rúnarsson

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari